
FORNLEIFASKRÁNING: MARKHÓLL Í SKEIÐAHREPPI



BRYNJA ÁRNADÓTTIR OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1042-25161



Á forsíðumynd er heystæði ÁR-245:39, horft er til austurs.

Myndina tók Brynja Árnadóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3445

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 3,5 ha deiliskipulagsreits sem kallast Markhóll, áður í landi Kálfhóls í Skeiðahreppi. Innan deiliskipulagsreitsins er fyrirhugað að reisa íbúðarhús, tvö gestahús og skemmu. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Skeiðahreppi og var ein fornleif þá skráð innan svæðisins. Við skráninguna 2025 var tveimur fornleifum bætt við. Minjarnar voru allar skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Markhóll, Kálfhóll, Skeiðahreppur.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within a 3.5-hectare assessment area at Markhóll in Skeiðahreppur. The area is slated for future building development. A prior general survey of archaeological sites in Skeiðahreppur, carried out by the Institute, had identified only one site within this area. However, the 2025 survey recorded two additional archaeological sites. All three sites are considered to be at high risk due to the proposed construction activities.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Markhóll, Kálfhóll, Skeiðahreppur.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	17
6. Heimildir	19
Viðauki I: Minjakort	20



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ

1. Inngangur

Í júní 2025 var unnin fornleifaskráning innan 3,5 ha deiliskipulagsreits, Markhóls, áður í landi Kálfhóls í Skeiðahreppi. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda en innan svæðis er fyrirhugað að reisa íbúðarhús, tvö gestahús og skemmu.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er um 3,5 ha og afmarkast af blárri línu á myndinni. Innan þess eru þrjár fornleifar. Skýringarnar eiga við allar myndir sem birtast í skýrslunni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Skráningarsvæðið er um 130 m norðan við gamla heimatún Kálfhóls, á fremur deiglendu svæði. Nokkuð rask hefur orðið á svæðinu síðustu áratugi, ræktað tún er til norðvesturs en það er komið í órækt. Sumarbústaður er í byggingu norðarlega á svæðinu og malarvegur liggur að því til suðausturs. Mógrafirnar eru sunnan og suðaustan við fyrrnefnt tún.

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í þremur áföngum árin 2017, 2018-2019 og 2020-2022. Kálfhóll var ein

þeirra jarða sem skráðar voru 2020¹ en skýrslan er enn í vinnslu. Þessi skráning byggir þó á grunni hennar. Aðeins var ein fornleif, mógrafir [ÁR-245:018], þekkt innan deiliskipulagssvæðisins áður en vettvangsvinnan fór fram.

Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur og Ragnheiði Gló Gylfadóttur fornleifafræðingum. Farið var á vettvang kaldan en bjartan dag í júní og svæðið þaulgengið í leit að minjum. Samanlagt voru þrjár fornleifar skráðar innan marka úttektarsvæðisins og tvær fornleifar bættust því við. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með hnitaskrá og minjakorti.

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir í vinnslu.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:


- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-084:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem

skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektaarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012).

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan

framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-245 Kálfhóll

Sögulegar heimildir

12.3.1562: Reikningur Skálholtsstóls: "Inprimis fimm jnnstædukyr aa Kalfholi," DI XIII, 693.

1686: 13 hdr 80 ál. Skálholtsstólseign. The Old Icelandic Land Registers, 107.

1695: 13 hdr 40 ál. The Old Icelandic Land Registers, 107.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. JÁM II, 183.

1847: 17 2/3 hdr. Bændaeign. JJ, 63.

Árið 1896 voru 7 bæjarhús og 10 peningshús á Kálfhóli. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 2 bæjarhús og 4 peningshús gjörfallin, 5 bæjarhús og 4 peningshús mjög skemmd en 2 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi, 177.

Tvíbýli er á Kálfhóli og var nýbýlið Kálfhóll II byggt 1946 á helmingi jarðarinnar. SB I, 462.

Landkostir

Túnakort 1920: Tún 5,1 ha, ca 2/5 slétt. Matjurtagarðar 5,8 arar.

"Hrísrif lítið til eldiviðarstyrks, brúkast ei. [...] Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Hætt er kvikfje fyrir hrakningi í Þjórssá í stórviðrum á vetur. Vatnsból bregst sumar og vetur í þerrum og stórfrostum, og er þá óbærilega erfitt vatn að sækja í Þjóssá á vetur," JÁM II, 183.

"Talsvert er þar enn af ónýttu ræktunarlandi," SB I, 461.

ÁR-245:018 Vestri-grafir náma mógrafir "Grafir, Vestri-. Gamlar mógrafir, slegnar áður fyrr og voru kafloðnar," segir í örnefnaskrá. Vestri-Grafir eru mitt á milli Ullarhólsmýri og Tíkartóftar 028, um 500 m norðan við bæ 001 og tæpum 350 m NNA við mógrafir 014. Á þessum slóðum er deiglendi. Mosi er nokkur, einkum í þúfum og á rimum. Til ANA og suðausturs eru ræktuð tún. Mógrafirnar eru á svæði sem er 240 x 100 m að stærð og snýr norður-suður. Hin dæmigerða mógröf á svæðinu er 4 x 4 m að stærð og 0,3-0.6 djúpar, all flestar með gróinn botn. Sumar grafirnar eru saman signar, einkum þær á vesturhluta svæðisins. Líklega hafa mógrafirnar náð lítillega lengra til NNA en það svæði er komið undir tún.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Kálfhóll JE, 4


A 422853 N 385876



Mógrafir ÁR-245:018, horft til suðurs.

ÁR-245:039 tóft heystæði

A 422811 N 385894



Mynd 4: Uppmæling af tóft ÁR-245:039.



Tóft ÁR-245:039, horft til suðurs.

Tóft er um 450 m NNA við bæ 001 og um 2 m vestan mógrafa 018, innan svæðis sem kallast Markhóll. Tóftin er í sléttu, grasi grónu túni sem komið er í órækt. Fast austan hennar er garðlag 040. Tóftin er ferhyrnd, um 10,5 x 9 m að stærð og snýr í norður-suður. Veggir eru grónir, hæstir á vesturhlið um 1 m en annars um 0,5 m. Þeir eru einnig töluvert hlaupnir í þúfur auk þess að vera rofnir á öllum hliðum svo erfitt er að greina inngang. Mögulega er hann á suðurgafli. Nokkuð þýft er líka inni í tóftinni. Líklega er um heystæði að ræða sé horft til lögunar og stærðar tóftarinnar.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Vörslugarður ÁR-245:040 er til vinstri á myndinni, horft er til suðvesturs.

Siginn vörslugarður sést hlykkjast eftir norðvesturbrún mógrafa 018, innan svæðis sem kallast Markhóll. Garðurinn er um 3 m austan við tóft 039 og 450 m norðan við bæ 001. Að sögn Elínar Þórðardóttur, heimildamanns, er garðurinn líklega hlaðinn af afa hennar á fyrri hluta síðustu aldar, hann gerði tún norðvestan hans.

Slétt tún sem komið er í órækt er norðan við garðinn. Mógrafir eru sunnan hans.

Garðurinn er siginn og liggur eftir austurbrún náttúrulegs rima sem búin er að slétta að stórum hluta í tún. Garðurinn er torfhladdinn og hægt að rekja hann á 67 m löngum kafla. Hann myndar gleitt horn og fjarar út til norðurs skammt frá tóft 039. Til suðurs hverfur hann skammt austan við

vírgirðingu en náði lengra áður að sögn Elínar. Hann er um 0,3-0,4 m á hæð og 1,5-2 m á breidd.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta,
vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu er til umfjöllunar fornleifaskráning innan 3,5 ha svæðis sem kallast Markhóll, áður í landi Kálfhólts á Skeiðum. Svæðið er um 300 m NNA við bæinn á Kálfhóli og nær að merkjum Skeiðháholts til norðausturs. Svæðið er í úthögum en norðurhluti þess var sléttaður í tún á fyrri hluta síðustu aldar. Nokkuð jarðrask er innan norðurhluta skráningarsvæðisins og m.a. verið að byggja sumarbústað.

Alls eru þrjár fornleifar innan skráningarsvæðisins. Mógrafir [ÁR-245:018] eru syðst en þær voru skráðar árið 2020 af Fornleifastofnun Íslands við aðalskráningu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þetta er stórt mógrafasvæði og hluti þess er innan skráningarsvæðisins. Mógrafirnar eru nefndar í örnefnaskrá og kallast Vestari-Grafir og voru í notkun á fyrri hluta síðustu aldar. Vörslugarður [ÁR-245:040] er á brún mógrafanna og afmarkaði að öllum líkindum tún sem þar er. Hann er líklega samtíða mógröfunum og hlaðinn til varnar búpeningi. Ekki eru til heimildir um heygarð [ÁR-245:039] en líklega er hann samtíða hinum fornleifunum innan svæðis.

minj_id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanlegt hættumat	Tímabundið hættumat
3445_1	ÁR-245:018	Vestri-grafir	náma	mógrafir	sést til	engin hætta	mikil hætta
3445_2	ÁR-245:039		tóft	heystæði	hleðslur standa grónar	engin hætta	mikil hætta
3445_3	ÁR-245:040		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta

Gert var sérstakt mat á þeirri hættu sem að þeim steðjaði vegna framkvæmdanna, svokallað tímabundið hættumat og töldust þær allar í stórhættu vegna þeirra. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Almennt var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né ófyrstíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4).

Minjarnar séu taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna og allar eru þær rétt utan byggingareits og geta því orðið fyrir beinum áhrifum. Helgunarsvæði fornleifa eru 15 m og hafa þarf það í huga við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjunum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja vegna framkvæmdanna.

6. Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II bindi. 1918-1921. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi I: Húsatóftir og Skaftholt*. FS660-16241. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2021. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla II: Þjórsárdalur og nærliggjandi jarðir*. FS831-18231. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Í vinnslu. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla III*.

SB I: *Sunnlenskar byggðir*. 1980. I. bindi. Tungur, Hreppar, Skeið. Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort 1920: Túnakort Kálfhóls. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Kálfhóll JE: Örnefnaskrá Hjálmsólshóls. 2004. Jón Eiríksson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

minja_id	Samtala	X	Y
3445_1	ÁR-245:018	422853	385876
3445_2	ÁR-245:039	422811	385894
3445_3	ÁR-245:40	422817	385867

Viðauki II: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir minjastaði innan deiliskipulagssvæðisins auk nærliggjandi minja.

